

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 594/1987,
um aukatekjur ríkissjóðs.**

1. gr.

	Kr.
45. t.l. 1. gr. orðist svo:	
a. Leyfi til botnfiskveiða báta 10. brl. eða stærri	5 400
b. Leyfi til botnfiskveiða báta undir 10 brl.	2 500
c. Leyfi til grásleppuveiða	1 500

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 79/1975, um aukatekjur ríkissjóðs, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 4. mars 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Indriði H. Porláksson.

REGLUR**um leyfi kennara til þátttöku í íþróttamótum.**

1. gr.

Heimilt er skólastjórum innan þeirra marka er reglur þessar ákveða að veita kennurum leyfi frá störfum án skerðingar fastra launa til að taka þátt í íþróttamótum, enda fái þeir ekki greiðslu vegna vinnutaps frá öðrum aðilum. Leyfi þetta takmarkast við leikmenn, fararstjóra og þjálfara vegna þátttöku í Olympíuleikum, heimsmeistaramótum, Evrópu-meistaramótum, Norðurlandamótum og landskeppni.

Frekari skilyrði fyrir leyfisveitingum eru:

- a) Umsókn um leyfi skal berast skólastjóra minnst mánuði fyrir brottför. Í umsókninni skal greina frá mótstöðum og ferðaáætlun.
- b) Leyfið skal bundið við þann tíma er íþróttamótið stendur auk ferðadaga. Ekki er skólastjóra heimilt að veita kennara leyfi með launum til æfinga eða dvalar í æfingabúðum né til einkaerinda sem ætlað er að fella saman við keppnisferðina. Sé af sérstökum ástæðum óskað eftir rýmkun frá þessum reglum skal sækja um það til menntamálaráðuneytisins með minnst mánaðar fyrirvara hverju sinni.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og um leið falla úr gildi reglur um leyfi kennara til þátttöku í íþróttamótum, nr. 445/1976.

Menntamálaráðuneytið, 18. febrúar 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Knútur Hallsson.